



Borgarráð

### ***Aðgerðaráætlun um að fjarlægja nagladekk af farartækjafloða Reykjavíkurborgar***

Lagt er til við borgarráð að fela umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar í samstarfi við eignaskrifstofu og fagsvið að hlutast til um að engin bifreið, hvort sem hún er í eigu Reykjavíkurborgar eða tekin á leigu, sé á nagladekkjum. Miðað er við að allur almennur farartækjafloði Reykjavíkurborgar verði nagladekkjalaus eigi síðar en um næstu áramót og sorpbílar verða nagladekkjalausir frá og með miðjum apríl. Sá hópur starfsfólks Reykjavíkurborgar sem vegna starfa sinna ekur í vetrarfærð, fær boð um sérstaka fræðslu og leiðsögn í akstri að vetrarlagi. Samkvæmt Vetrardekkjakönnun FÍB sem unnin er upp úr könnun systurfélags FÍB í Noregi, NAF kemur fram að óneglt dekk hefur skorað hæst í hinni árlegu Vetrardekkjakönnun árin 2019, 2020 og 2021. Fram að því höfðu nagladekk skorað hæst. Framþróun í tækni við framleiðslu á ónegldum dekkjum er því ótvíræð. Tillaga þessi er sett fram til þess að draga enn frekar úr nagladekkjanotkun innan Reykjavíkur líkt og borgin hefur hvatt almenning til á undanförunum árum, en rannsóknir sýna að notkun nagladekkja er veigamesti þátturinn við myndum svifryks í þéttbýli. Þá eru B-hlutafyrirtæki Reykjavíkurborgar jafnframt hvött til að fylgja fordæmi borgarinnar og skipta út þeim bílum sem eru með nagladekk. Þá óskar borgarráð eftir því að umhverfis- og skipulagssvið greini frá árangrinum í lok janúar 2022.

#### *Greinargerð:*

Samkvæmt rannsókn Vegagerðarinnar frá síðasta ári kemur m.a. fram að verulega þurfi að draga úr nagladekkjanotkun en næmnigreining gefur til kynna að nagladekkjanotkun sé veigamesti þátturinn í myndun svifryks frá umferð á höfuðborgarsvæðinu sem er ógn við heilsu fólks.

Fram kemur í grein Gunnars Guðmundssonar læknis, Ragnhildar Guðrúnar Finnbjörnsdóttur lýðheilsufræðings, Þorsteins Jóhannssonar umhverfisfræðings og Vilhjálms Rafnssonar prófessor emeritus í [Læknablaðinu](#) (10. tbl. 2019) að á Íslandi er það loftmengun frá bílaumferð sem helst hefur áhrif á heilsu fólks. Bent er á að losun frá bílum á sér almennt stað mjög nálægt heimilum, skólum og öðrum stöðum þar sem fólk dvelur og helstu mengunarefni frá umferð eru svifryk og nituroxíð. Þá segir orðrétt: „*Stór hluti svifryks frá umferð kemur frá vegyfirborðinu og þar er slit nagladekkja á slitlagi ráðandi þáttur...Það gerist oftast seinni hluta vetrar og að vori til og er orsökina að stórum hluta slit á malbiki vegna mikillar notkunar nagladekkja.*“

Í greininni kemur fram að svifryk getur haft margvísleg áhrif á heilsu manna og verið tengt við aukna tíðni lungnasjúkdóma, krabbameina, hjarta- og æðasjúkdóma, sem og heildardánartíðni. Bent er á að aldraðir, börn, og fólk með undirliggjandi öndunarfæra- og hjarta- og æðasjúkdóma eru viðkvæmastir fyrir svifryksmengun. Áhrifa gætir bæði vegna



skammtíma útsetningar (klukkustundir, dagar) og langtíma mengunar (mánuðir, ár). Einnig kemur fram að áhrifin koma fram sem versnandi einkenni sjúkdóma og „þannig má sjá aukna tíðni á komum á bráðamóttökum, aukinn fjölda innlagna á sjúkrahús og aukna dánartíðni. Svifryksmengun getur dregið úr lungnabroska barna.“

Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 samkvæmt Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar. Í aðgerðaráætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkur um bætt loftgæði er kveðið á um að draga eigi úr hlutfalli negldra dekkja og grípa skuli til aðgerða í þeim efnum. Mælikvarðinn er m.a. regluleg talning á nagladekkjanotkun í Reykjavík og mælingar á loftgæðum.

Farartækjafloði í notkun Reykjavíkurborgar tekur breytingum í hverjum mánuði eftir þörf hverju sinni og eru fleiri í notkun yfir vetrarmánuðina. Í dag er farartækjafloinn áætlaður um 257 bílar, bæði í eigu borgarinnar og teknir á leigu. Í dag eru 10 sorpbílar og 5 bílar á skíðasvæði á negldum dekkjum auk nokkurra annarra bíla. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg gangi á undan með góðu fordæmi með því að farartækjafloði hennar verði nagladekkjalaus þar sem því verður við komið. Jafnframt verði leitast eftir samstarfi við B-hlutafyrirtæki Reykjavíkurborgar sem er í samræmi við tillögur orkuskiptahóps Græna plansins þar sem sátu fulltrúar Reykjavíkurborgar og B-hlutafyrirtækja.

Miða skal við að nagladekk verði ekki valkostur fyrir bifreiðar í þjónustu Reykjavíkurborgar frá áramótum nema fullgild, málefnaleg rök liggi fyrir. Miða skal við að nota hágæta vetrardekk eða heilsársdekk í vetrarþjónustu í stað nagladekkja. Á vegum sorphirðu Reykjavíkurborgar eru 10 stórir sorpbílar á nagladekkjum en þar þarf að gæta sérstaklega að öryggi og undirbúningi sorphirðufólks. Einnig þarf að rannsaka og prófa hvaða dekk henta best fyrir sorphirðubílana. Vegna öryggissjónarmiða skal val á dekkjabúnaði þjónustubifreiða borgarinnar ávallt miðað við að velja bestu fánleg vetrardekk, að undanskyldum nagladekkjum, undir farartækjafloða Reykjavíkurborgar. Jafnframt er mikilvægt að sá hópur sem keyrir í vetrarfærð fái leiðsögn í akstri að vetrarlagi.

Í fyrsta skrefi Grænna skrefa í starfsemi Reykjavíkurborgar stendur eftirfarandi undir liðnum samgöngur „*Bílar á vegum vinnustaðarins eru ekki á nagladekkjum nema brýna nauðsyn beri til.*“ Stefnt er að því að allir vinnustaðir borgarinnar verði þátttakendur í Grænu skrefunum. Einnig styður tillagan við Græna planið.

Starfshópur um farartækjafloða Reykjavíkurborgar hefur verið að störfum og vinnur tillögur varðandi rekstrarfyrirkomulag, stjórnun og þjónustu bíla í eigu eða leigu Reykjavíkurborgar og skal sá starfshópur m.a. taka við af umhverfissjónarmiðum við gerð tillagna sinna.

Reykjavíkurborg hefur ítrekað krafist lagaheimildar frá ríkinu til að banna notkun nagladekkja innan borgarinnar. Mikilvægt er að stjórnvöld grípi til allra þeirra árangursríku aðgerða sem þau geta til að draga úr umferðartengdri loftmengun og að heimildir sveitarfélaga verði rýmkaðar enn frekar í lögum, svo þau geti brugðist skjótt við.